

REGLUGERÐ

um ættleiðingar.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Með orðinu frumættleiðing er átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn eða kjörbarn maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist.

Með orðinu stjúpættleiðing er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist.

Með orðunum alþjóðleg fjölskylduættleiðing er átt við ættleiðingu erlends ríkisborgara eða fyrrum erlends ríkisborgara, sem á fasta búsetu hér á landi, á tilteknu barni, sem er umsækjanda náskýlt og sem er búsett í upprunalandi hans. Þetta á við hvort sem umsækjandi sækir einn um ættleiðingu eða með maka sínum.

II. KAFLI

Umsóknir og fylgigögn.

2. gr.

Umsókn.

Umsókn um ættleiðingu barns og um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni skal rituð á eyðublað sem ráðuneytið sýslumaður lætur í té.

Nú hafa umsækjendur þegar ættleitt erlent barn og er þeim þá heimilt að leggja fram beiðni um forsamþykki fyrir ættleiðingu annars erlends barns að liðnum sex mánuðum frá heimkomu barnsins.

3. gr.

Fylgigögn.

Með umsókn samkvæmt 2. gr. skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Almennar upplýsingar um umsækjendur.
- Upplýsingar um heilsufar umsækjenda.
- Læknisvottorð.
- Hjúskaparvottorð eða vottorð um staðfesta samvist umsækjenda.
- Staðfesting þjóðskrár á sambúðartíma umsækjenda, ef við á.
- Staðfest ljósrit skattframtala umsækjenda fyrir tvö síðustu ár.

Þegar sótt er um ættleiðingu fösturbarns umsækjenda skulu að auki fylgja gögn frá viðkomandi barnaverndarnefnd barnaverndarþjónustu varðandi ráðstöfun barnsins í föstrið.

Þegar sótt er um ættleiðingarleyfi á grundvelli forsamþykkis ráðuneytisins sýslumanns eða um staðfestingu ráðuneytisins sýslumanns á réttaráhrifum ættleiðingar barns erlendis skulu fylgja hið erlenda ættleiðingarskjal eða erlendur dómur er sýni að lögráð barnsins hafi verið fengin umsækjendum í því skyni að það verði ættleitt hér á landi, erlent vegabréf barnsins og skjal er sýni að mátt hafi ættleiða barnið. Enn fremur fæðingarvottorð barns og heilsufarsskýrsla þess, ef unnt er. Íslensk þýðing skal fylgja ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku.

4. gr.

Form fylgigagna o.fl.

Gögn þau sem tilgreind eru í a., b. og c. liðum í 3. gr. skulu rituð á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té. Læknisvottorð skal gefið út af heimilislækni umsækjenda, en ef honum er ekki til að dreifa þá af lækni sem annast hefur umsækjendur.

Læknisvottorð verður að hafa verið gefið út á síðustu þremur mánuðum áður en umsókn er lögð fram.

Ef ráðuneytið sýslumaður telur ástæðu til getur það hann kallað eftir vottorði eða áliti sérfræðings um heilsufar umsækjenda. Ráðuneytið greiðir kostnað af slíku vottorði eða áliti.

5. gr.

Undanþága frá framlagningu gagna.

Nú er sótt um að ættleiða mann sem orðinn er 18 ára og þarf þá ekki að leggja fram þau gögn sem tilgreind eru í a., b., c. og f. liðum í 3. gr. **Ráðuneytið Sýslumaður** getur þó kallað eftir þeim ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Fæðingarvottorð og sakavottorð.

Ráðuneytið Sýslumaður kallar eftir fæðingarvottorðum umsækjenda og barns, sbr. þó 3. mgr. 3. gr., svo og sakavottorðum umsækjenda.

III. KAFLI

Skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla.

7. gr.

Ættleiðing barna.

Ákvæði þessa kafla taka til ættleiðinga barna innan 18 ára aldurs.

8. gr.

Hæfni til að fara með forsjá.

Umsækjendur skulu hafa til að bera eiginleika og skilning á þörfum barna sem gera þá vel hæfa til að sinna forsjárskyldum gagnvart barni í samræmi við ákvæði barnalaga.

9. gr.

Heilsufar.

Umsækjendur skulu vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að ættleiðing verði barni fyrir bestu. Því mega umsækjendur ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn.

Eftirtaldir sjúkdómar eða líkamsástand, sem ekki er hér tæmandi talið, geta leitt til synjunar á umsókn um ættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni:

- a. Alnæmi og aðrir alvarlegir smitsjúkdómar.
- b. Fötlun eða hreyfihömlun.
- c. Geðsjúkdómar, geðraskanir eða þroskahömlun.
- d. Hjarta- og æðasjúkdómar.
- e. Innkirtlasjúkdómar.
- f. Krabbameinssjúkdómar.
- g. Líffæraþegar.
- h. Lungnasjúkdómar.
- i. Meltingafærasjúkdómar.
- j. Nýrnasjúkdómar.
- k. Offita.
- l. Sjálfsofnæmissjúkdómar.
- m. Sykursýki og taugakerfissjúkdómar.

Ráðuneytið setur nánari reglur um heilsufarsskilyrði umsækjenda til fyllingar þessu ákvæði.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar vegna umsóknar um stjúpættleiðingu barns þegar sérstaklega stendur á.

10. gr.

Sambúðartími.

Nú sækja hjón um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni og skulu þau þá sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð í a.m.k. þrjú ár.

Nú sækja karl og kona í óvígðri sambúð um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni og skulu þau þá sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð í a.m.k. fimm ár.

Þegar umsókn um stjúpættleiðingu er lögð fram skal umsækjandi sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð með foreldri eða kjörforeldri barns í a.m.k. fimm ár. Þetta gildir hvort sem um er að ræða hjón, karl og konu í óvígðri sambúð eða tvo einstaklinga í staðfestri samvist. Víkja má frá þessu ákvæði vegna umsóknar maka í hjónabandi eða staðfestri samvist ef barn hefur verið getið við tæknifrjóvgun og verður ekki feðrað af þeim sökum. Sambúð skal þó hafa verið samfelld í a.m.k. tvö og hálf ár í slíkum tilvikum.

11. gr.

Aldur umsækjenda.

Þegar umsókn um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er lögð fram mega umsækjendur ekki vera eldri en 45 ára.

Víkja má frá ákvæði 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

- Annar tveggja umsækjenda er nokkuð eldri en um getur í 1. mgr. og hinn nokkuð yngri.
- Umsækjendur hafa ættleitt barn á síðustu tveimur árum áður en umsókn er lögð fram.
- Ef alveg sérstakar ástæður mæla með því að umsókn verði tekin til greina, svo sem ef um er að ræða systkini barns sem umsækjendur hafa áður ættleitt eða önnur sérstök tengsl eru við væntanlegt kjörbarn.

Þegar svo stendur á að gildistími forsamþykkis eða framlengds forsamþykkis til ættleiðingar rennur út eftir að umsækjandi hefur náð 45 ára aldri og umsókn hans um ættleiðingu er þegar til meðferðar hjá stjórnvöldum í upprunaríki, sem heimilar ættleiðingar til umsækjenda sem eru eldri en 45 ára, er heimilt að gefa út nýtt forsamþykki eða framlengja forsamþykki sem getur gilt þar til sá umsækjenda sem yngri er, sé um hjón, samvistarmaka eða sambúðarfólk að ræða, nær 50 ára aldri.

12. gr.

Önnur skilyrði.

Umsækjendur skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi húsnæði og öðrum aðbúnaði til þess að geta veitt barni þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Efnahagur umsækjenda skal vera traustur.

Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsidóm sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að veita barni gott uppeldi.

IV. KAFLI

Umsagnir ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu í ættleiðingarmálum.

13. gr.

Ættleiðing skal vera barni fyrir bestu.

Í umsögn ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu skal koma fram hvort ~~barnaverndarnefnd~~ barnaverndarþjónusta telur að fyrirhuguð ættleiðing sé barni fyrir bestu. Þá skal koma fram hvort ~~barnaverndarnefnd~~ barnaverndarþjónusta mælir með því að ættleiðing verði heimiluð eða ekki. Niðurstaða ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu skal vera ítarlega rökstudd, eftir atvikum með skírskotun til greinargerðar félagsráðgjafa eða annars fagmanns, sem kannað hefur mál fyrir nefndina og skilað henni greinargerð.

14. gr.

Leiðbeiningar til handa barni o.fl.

Nú er sótt um að ættleiða barn sem orðið er 12 ára og skal þá koma fram í umsögn ~~barnaverndarnefndar~~ barnaverndarþjónustu að rætt hafi verið við barnið á vegum nefndarinnar og því veitt leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar. Gera skal grein fyrir því hver eða hverjir ræddu við barnið og enn fremur hvar og hvenær það var gert.

Þegar sótt er um að ættleiða barn sem er yngra en 12 ára skal koma fram hvort rætt hafi verið við barnið á vegum ~~barnaverndarnefndar~~ barnaverndarþjónustu og því veitt leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar. Ef rætt hefur verið við barnið skal gera grein fyrir því hver eða hverjir gerðu það og hvar og hvenær það var gert. Skal þá einnig geta um afstöðu barnsins til fyrirhugaðrar ættleiðingar. Ef ekki hefur verið rætt við barnið skal gera grein fyrir ástæðum þess að það var ekki gert.

15. gr.

Annað efni umsagnar ~~barnaverndarnefndar~~ barnaverndarþjónustu.

Í umsögn ~~barnaverndarnefndar~~ barnaverndarþjónustu eða meðfylgjandi greinargerð fagmanns skal koma fram að umsækjendur uppfylli skilyrði III. kafla reglugerðar þessarar, eftir því sem við á. Sérstaklega skal eftirfarandi koma fram:

- a. Hvar og hvenær rætt var við umsækjendur.
- b. Ástæður þess að umsækjendur óska eftir að ættleiða barn.
- c. Stutt lýsing á uppvexti umsækjenda, menntun þeirra og störfum.
- d. Lýsing á persónulegum eiginleikum umsækjenda, áhugamálum þeirra og tómstundaiðkan.
- e. Lýsing á afstöðu umsækjenda til umönnunar og uppeldis barna.
- f. Lýsing á heilsufari umsækjenda og notkun þeirra á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum.
- g. Lýsing á félagslegri og fjárhagslegri stöðu umsækjenda.
- h. Stutt lýsing á fyrstu kynnum umsækjenda, sambúð og eftir atvikum hjónabandi, þ. á m. hvenær stofnað var til hjúskapar.
- i. Lýsing á heimili umsækjenda og umhverfi þess, sérstaklega með tilliti til þarfa barns sem sótt er um að ættleiða. Greina skal frá afstöðu heimilisins til leiksvæða, leikskóla og skóla, eftir því sem við á.
- j. Lýsing á tengslum umsækjenda og barns sem óskað er eftir að ættleiða.
- k. Lýsing á tengslum umsækjenda og annarra barna á heimili þeirra, ef því er að skipta. Enn fremur á uppeldi þeirra barna, félagslegri stöðu þeirra og öðru sem máli skiptir.
- l. Stutt lýsing á afstöðu nánustu skyldmenna umsækjenda til fyrirhugaðrar ættleiðingar og stuðningi þeirra við barnið ef á þarf að halda.
- m. Stutt lýsing á fyrri sambúðum eða hjónaböndum umsækjenda, ef því er að skipta.
- n. Stutt samantekt og mat.

Nú sækir einhleypur maður um ættleiðingu barns og skal þá í umsögn ~~barnaverndarnefndar~~ barnaverndarþjónustu gerð rækilega grein fyrir því að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að umsækjandi hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna eða nán skyldleika- eða vináttutengsl séu á milli barns og foreldra þess og umsækjanda.

Þegar sótt er um ættleiðingu á fósturbarni skal greina frá aðdraganda fósturráðstöfunarinnar og því hvernig til hefur tekist með fóstrið. Jafnframt skal greint frá því hvort ættmennum látins kynforeldris barns, sem notið hafa umgengni við það samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda, hafi verið kynnt að umsókn um ættleiðingu þess sé til meðferðar eða, ef það á við, ástæður þess að það hafi ekki verið gert.

Þegar sótt er um stjúpættleiðingu skal gæta ákvæðis þessarar greinar eftir því sem við á.

V. KAFLI

Umsagnir ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu vegna umsókna um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni.

16. gr.

Hæfni umsækjenda til að ættleiða erlent barn.

Í umsögn ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu skal koma fram hvort nefndin telur umsækjendur vel hæfa, hæfa eða ekki hæfa til að ættleiða barn frá öðru landi. Skal mat ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu á hæfi umsækjenda vera rækilega rökstutt, eftir atvikum með skirskotun til greinargerðar félagsráðgjafa eða annars fagmanns, sem kannað hefur mál fyrir nefndina. Þá skal koma fram hvort ~~barnaverndarnefnd~~ barnaverndarþjónusta mælir með því að forsamþykki verði gefið út eða ekki.

17. gr.

Annað efni umsagnar ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu.

Í umsögn ~~barnaverndarnefnda~~ barnaverndarþjónustu eða meðfylgjandi greinargerð fagmanns skal koma fram að umsækjendur uppfylli skilyrði III. kafla reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

Enn fremur skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. 15. gr. reglugerðar þessarar.

Í umsögninni skal einnig koma fram lýsing á undirbúningi umsækjenda fyrir komu barns til landsins.

Loks skal gerð grein fyrir eftirliti með ungbörnum hér á landi, þ. á m. börnum sem ættleidd eru hingað til lands.

VI. KAFLI

Ættleiðingar á erlendum börnum.

18. gr.

Milliganga ættleiðingarfélags.

Þeim sem óska eftir forsamþykki ~~ráðuneytisins~~ sýslumanns til að ættleiða erlent barn er skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu dómsmálaráðherra.

19. gr.

Alþjóðleg fjölskylduættleiðing o.fl.

Víkja má frá ákvæði 18. gr. í undantekningartilvikum ef um er að ræða alþjóðlega fjölskylduættleiðingu eða ef aðrar alveg sérstakar ástæður mæla með ættleiðingu án milligöngu ættleiðingarfélags.

Þegar óskað er eftir að vikið verði frá ákvæði 18. gr. skulu umsækjendur leggja fram gögn frá viðkomandi ríki sem sýni að ættleiðingar sem þar fara fram séu í samræmi við íslensk ættleiðingarlög og grundvallarreglur Haag-samnings um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 1993 og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Enn fremur skulu umsækjendur leggja fram gögn um og skýra nákvæmlega frá gangi ættleiðingarmáls í viðkomandi ríki, hvar og hvernig ættleiðing er veitt og gefa nákvæmar upplýsingar um þau gjöld sem greiða ber í því ríki og til hvers eða hverra þau greiðist. Þá skulu umsækjendur leggja fram ættleiðingarlög þess ríkis. Íslensk þýðing skal fylgja ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku. ~~Ráðuneytið~~ Sýslumaður getur aflað staðfestingar frá viðkomandi ríki um að veittar upplýsingar séu réttar.

20. gr.

Námskeið.

Áður en forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er gefið út skulu umsækjendur leggja fram staðfestingu á því, að þeir hafi sótt námskeið á vegum löggilts ættleiðingarfélags um ættleiðingar erlendra barna.

Heimilt er þó að gefa út forsamþykki áður en umsækjendur hafa sótt námskeið samkvæmt 1. mgr. hafi slíkt námskeið ekki verið haldið frá því að umsókn um forsamþykki barst sýslumanni og öll önnur skilyrði fyrir útgáfu þess eru uppfyllt. Sé slíkt forsamþykki gefið út skulu umsækjendur staðfesta skriflega að þeir muni sækja fyrsta mögulega námskeið.

20. gr. a

Skráning barns.

Peir sem búsettir eru hér á landi og hafa annað hvort fengið leyfi erlendra stjórnvalda til ættleiðingar barns, á grundvelli forsamþykkis sýslumanns, eða hafa fengið heimild erlends ríkis til að barn verði ættleitt hér á landi, á grundvelli forsamþykkis sýslumanns, skulu innan 7 daga frá komu barns hingað til lands skrá það í þjóðská. Framvísa skal erlendum ættleiðingargögnum s.s. erlendu ættleiðingarskjali eða dómi, sem sýni að lögráð barns hafi verið fengin umsækjendum í því skyni að það verði ættleitt hér á landi. Þá skal og framvísa ferðaskilríkjum barns. Við skráningu barnsins í þjóðskrá verður því úthlutað kennitölu.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 35. gr. og 41. gr. laga um ættleiðingar nr. 130 frá 31. desember 1999, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um ættleiðingar barna erlendis, nr. 1010 frá 17. desember 2003.

Úr umsóknum um ættleiðingu og forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, sem borist hafa ráðuneytinu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, fer þó samkvæmt gildandi reglum.

~~- Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. febrúar 2005. -~~

~~- Björn Bjarnason -~~

~~- Drífa Pálsdóttir -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.